



Skipulags- og samgönguráð
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Reglur um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki meðfylgjandi reglur um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða. Þann 1. júlí sl. samþykkti skipulags- og samgönguráð fyrri tillögur skrifstofunnar að reglum um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða. Þann 11. ágúst sl. var málinu vísað aftur til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs með ákvörðun skrifstofu borgarstjórnar og voru reglurnar því ekki lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

Umhverfis- og skipulagssvið hefur nú lokið endurtekinni meðferð málsins og fyrir liggja ný drög að reglum um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða. Ríkt samráð var haft við utanríkisráðuneytið við undirbúning málsins. Fulltrúar sviðsins funduðu m.a. með fulltrúa utanríkisráðuneytisins þann 28. ágúst sl. og í kjölfarið voru nokkur samskipti milli sviðsins og ráðuneytisins um efni reglanna, auk þess sem endanleg drög að reglum voru send ráðuneytinu til umsagnar. Með tölvupósti dags. 9. október sl. veitti ráðuneytið samþykki sitt fyrir fyrirbyggjandi drögum.

Þau drög sem nú eru lögð fram, fela í sér talsverðar breytingar á orðalagi frá núgildandi reglum, til nánari skýringar á ákvæðum og til samræmis við aðrar samþykktir borgarinnar. Ekki er um að ræða verulegar breytingar frá núverandi framkvæmd en helstu breytingar í drögnum eru eftirfarandi:

1. Að erlend sendiráð geti sótt um sérmerkt bílastæði við ræðismannsskrifstofur en ekki við skrifstofur kjörræðismanna.

Breytingin er gerð í samráði við utanríkisráðuneytið og gerir m.a. ræðismannsskrifstofum Færeyja og Grænlands kleift að óska eftir sérmerktum bílastæðum, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Óbreytt er frá gildandi reglum, að sérmerktum bílastæðum verður ekki úthlutað til skrifstofa kjörræðismanna.

2. Að gerðar verði lágmarkskröfur til upplýsinga í umsóknum frá erlendum sendiráðum og að utanríkisráðuneytið geti sótt um bílastæði fyrir hönd erlendra sendiráða.
3. Að sendiráðum verði ekki lengur heimilt að óska sérstaklega eftir fleiri en tveimur sérmerktum bílastæðum. Áfram verði miðað við núgildandi viðmið um úthlutun tveggja stæða til hvers sendiráðs.



4. Að í stað almennrar tilvísunar til „Miðborgar Reykjavíkur“, verði skilgreint nánar innan hvaða svæðis óheimilt sé að úthluta sérmerktum bílastæðum, með tilvísun í svæði M1a, M1b og M1c samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur.
5. Að úthlutun sérmerktra bílastæða til sendiráða gildi til fimm ára og verði endurmetin af hálfu borgarinnar að þeim tíma liðnum. Fjarlægt er ákvæði um reglulega endurskoðun úthlutunarreglna. Samkvæmt gildandi reglum bar að endurskoða bæði reglurnar sjálfar og úthlutun til sendiráða á fimm ára fresti.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Reglur um sérmerkt bílastæði erlendra sendiráða.



REGLUR

UM SÉRMERKT BÍLASTÆÐI ERLENDRA SENDIRÁÐA

1. Sendiráð erlendra ríkja sem staðsett eru í Reykjavík geta sótt um að fá úthlutað sérmerktum bílastæðum utan eigin lóðarmarka á borgarlandi. Reglur þessar ná ekki til kjörræðismannsskrifstofa.
2. Umsóknir sendiráða eða utanríkisráðuneytisins fyrir hönd þeirra, um sérmerkt bílastæði skulu vera skriflegar og berast skipulags- og samgönguráði Reykjavíkurborgar. Í umsókninni skal koma fram:
 - a. Hvar óskað er eftir sérmerktum stæðum.
 - b. Hversu mörgum stæðum óskað er eftir.
 - c. Hvort um sé að ræða sendiráð, ræðismannsskrifstofu eða bústað sendiherra.
 - d. Hvort sendiráðið hafi þegar sérmerkt stæði í borgarlandi.
3. Að jafnaði mun skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur úthluta hverju sendiráði tveimur sérmerktum bílastæðum, þar sem því verður við komið með tilliti til aðstæðna á hverjum stað. Heimilt er að óska eftir því að annað þeirra verði við bústað sendiherra eða við aðrar skrifstofur sendiráðsins.
4. Ekki er heimilt að úthluta nýjum sérmerktum bílastæðum til sendiráða innan miðborgarsvæðis Reykjavíkur, þ.e. svæða M1a, M1b og M1c eins og þau eru skilgreind í Aðalskipulagi Reykjavíkur.
5. Ef samþykkt er úthlutun á sérmerktu bílastæði sendiráðs innan gjaldskylds svæðis, skal sendiráðið greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Bílastæðasjóðs Reykjavíkur.
6. Sérmerktum bílastæðum til sendiráða er úthlutað til fimm ára í senn. Að þeim tíma liðnum skal úthlutunin endurmetin og sendiráði tilkynnt um breytingar, ef einhverjar eru.
7. Reglur þessar taka gildi við samþykkt borgarráðs og á sama tíma falla úr gildi reglur um úthlutun sérmerktra bílastæða fyrir sendiráð frá 7. júlí 2011.

Samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs þann **XX.** nóvember 2020
og á fundi borgarráðs þann **XX.** nóvember 2020.